



Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgata 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2018
VEL2018110025

Efni: Öryggisvistun einstaklinga.

Vísað er til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-184/2018 þar sem ákærða í málinu var ekki gerð refsing heldur gert að sæta vistun í sértæku úrræði á vegum Reykjavíkurborgar þar sem honum ber að sæta gæslu allan sólarhringinn, þiggja stuðning á grundvelli fötlunar sinnar og aðra fagaðstoð sem og geðlæknisþjónustu sem talin er æskileg hverju sinni af meðferðar- aðilum. Meðfylgjandi er bréf ríkissaksóknara, dags. 19. október 2018, til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og velferðarráðuneytisins, þar sem framkvæmd vistunarinnar er falin Reykjavíkurborg og velferðarráðuneytinu.

Af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er vakin athygli á því að fram kemur í dóminum að ákærði skuli sæta vistun í sértæku húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar með vísan til ákvæða 62. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við það að einstaklingar séu dæmdir til vistunar í úrræði á vegum Reykjavíkurborgar. Húsnæði á vegum sveitarfélaga er veitt íbúum þess á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Því er eigi um að ræða húsnæði í skilningi alm. hgl. en í 62. gr. laganna kemur fram að unnt er að ákveða, þegar talið er að refsing beri ekki árangur, að einstaklingi sé komið fyrir á viðeigandi hæli. Engin formleg skilgreining er til á því úrræði sem hegningarlögin taka til. Nú þegar eru tveir einstaklingar sem búa á grundvelli ákvæða 62. gr. alm. hgl. í húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar og auk þeirra bíða tveir einstaklingar á réttargeðdeild eftir búsetuúrræði. Velferðarráðuneytið hefur, að kröfu borgarinnar, greitt árlegt framlag vegna tveggja fyrrnefndu einstaklinganna sem fluttu af réttargeðdeild á grundvelli svokallaðra rýmkunardóma en óvíst er um framtíð þess fyrirkomulags. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar var ekki upplýst um framangreinda rýmkunardóma þegar úthlutun húsnæðisins til einstaklinganna fór fram.

Í júní 2015 skipaði þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra samvinnuhóp um sérstaka öryggisvistun fyrir tilgreinda hópa. Velferðarráðuneytinu var falið að móta í samvinnu við innanríkisráðuneytið og aðra hagsmunaaðila skýra stefnu og verklag til næstu fimm ára um rekstur öryggisúrræða fyrir sérstaklega tilgreinda hópa til að tryggja að þeir einstaklingar sem eru í brýnni þörf fyrir öryggisúrræði fái úrlausn í samræmi við þjónustubörf eins fljótt og verða megi. Fulltrúi frá innanríkisráðuneytinu tók þátt í starfi hópsins á fyrstu stigum vinnunnar. Lokaskýrsla starfshópsins var gefin út í júní árið 2016. Í niðurstöðu skýrslunnar er vakin athygli á nauðsyn þess að sett verði lög um rekstur slíkrar stofnunar fyrir einstaklinga sem eru í sambærilegri stöðu og ákærði í framangreindu máli. Ljóst er að núverandi skipan á umgjörð um vistun þessara einstaklinga sem um er fjallað í skýrslunni er algerlega óviðunandi. Um er að ræða einstaklinga sem eru hættulegir sjálfum sér og öðrum og þær þvingunarheimildir sem nú er byggt á samkvæmt lögræðislögum nr. 71/1997 og lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk

nr. 88/2011 eru engan veginn fullnægjandi til þess að unnt sé að viðhafa nauðsynlegar öryggisráðstafanir. Þá er jafnframt mikilvægt að fyllsta öryggis sé gætt vegna þeirra starfsmanna sem starfa á slíkum stöðum. Telja verður að rekstur slíkrar stofnunar sé á sviði refsivörslukerfisins en ekki á hendi sveitarfélaga sem veita þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Í framangreindri skýrslu er lagt til að gerðar verði breytingar á núgildandi lögum í ljósi fenginnar reynslu. Þar sem um er að ræða mjög sérhæft úrræði þar sem nauðsynlegt er að beita miklum þvingunum, þarf að vera fyrir hendi viðhlítandi lagagrundvöllur fyrir rekstur úrræðis af þessu tagi. Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er réttara að sett verði sérstök lög um úrræði sem þetta þar sem eðli þess samræmist ekki því inntaki sem felst í lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Horft yrði til þess að slík lög myndu gilda um eftirfarandi :


- Vistun þeirra einstaklinga sem sæta öryggisvistun á grundvelli 62. gr. alm. hgl., sbr. 16. gr. sömu laga.
- Vistun þeirra einstaklinga sem fengið hafa rýmkunardóm eftir dvöl á réttargeðdeild, sbr. 62. gr. alm. hgl.
- Vistun þeirra einstaklinga sem sæta öryggisráðstöfunum á grundvelli 66. gr. alm. hgl. eða öryggisráðstöfunum að afplánun lokinni, sbr. 67. gr. alm. hgl.

Viðræður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við velferðarráðuneytið um úrræði fyrir framangreinda einstaklinga hafa staðið yfir í nokkurn tíma og lagt er upp með að velferðarsvið Reykjavíkurborgar veiti þeim félagslega þjónustu og ríkið veiti heilbrigðisþjónustu til þeirra. Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er mikilvægt að viðræðum við velferðarráðuneytið með aðkomu dómsmálaráðuneytisins verði haldið áfram, sett verði lög um öryggisvistun/öryggisgæslu og niðurstaða um rekstraraðila slíks úrræðis liggi fyrir sem allra fyrst.

Með vísan til framanritaðs er þess farið á leit við dómsmálaráðuneytið að hefja viðræður við velferðarráðuneytið og Reykjavíkurborg um framtíðarsýn varðandi þetta málefni.

Virðingarfyllst,

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,


Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri

Hjálagt:

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-184/2018.

Bréf rikissaksóknara, dags. 19. okt. 2018 og 26. október 2018.

Afrit:

Ríkissaksóknari

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur

Velferðarráðuneytið



Velferðarráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2018
VEL2018110025

Efni: Öryggisvistun einstaklinga.

Meðfylgjandi sendist velferðarráðuneytinu afrit erindis velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. nóvember 2018, varðandi öryggisvistun einstaklinga. Erindið er ritað í kjölfar dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-184/2018 þar sem ákærða í málinu var ekki gerð refsing heldur gert að sæta vistun í sértæku úrræði á vegum Reykjavíkurborgar þar sem honum ber að sæta gæslu allan sólarhringinn, þiggja stuðning á grundvelli fötlunar sinnar og aðra fagaðstoð sem og geðlæknisþjónustu sem talin er æskileg hverju sinni af meðferðaraðilum. Dómurinn taldi að ástand ákærða hefði verið með þeim hætti sem 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 áskilur á verknaðarstund brota þeirra sem hann var sakfelldur fyrir. Fallist var á varakröfu ákærvaldsins um að ákærða verði gert að sæta viðeigandi öryggisráðstöfunum samkvæmt 62. gr. alm. hgl.


Af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er vakin athygli á því að fram kemur í dóminum að ákærði skuli sæta vistun í sértæku húsnæði á vegum Reykjavíkurborgar með vísan til ákvæða 62. gr. alm. hgl. Í erindinu eru gerðar alvarlegar athugasemdir við það að einstaklingar séu dæmdir til vistunar í úrræði á vegum Reykjavíkurborgar. Telja verður að rekstur slíkrar stofnunar sé á sviði refsivörslukerfisins en ekki á hendi sveitarfélaga sem veita þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Af þessu tilefni er vísað til þeirra viðræðna sem átt hafa sér stað milli velferðarráðuneytisins og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar hvað varðar rekstur öryggisvistunar fyrir tilgreinda hópa. Af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á nauðsyn þess að sérlög verði sett um slíka vistun fyrir þá hópa sem tilgreindir eru í meðfylgjandi erindi til dómsmálaráðuneytisins.

Með vísan til framanritaðs er þess farið á leit við velferðarráðuneytið að viðræður fari fram við dómsmálaráðuneytið og velferðarsvið Reykjavíkurborgar um framtíðarsýn varðandi þetta málefni.

Virðingarfyllst,

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,


Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri

Hjálagt:

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-184/2018.

Erindi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. nóvember 2018.



Ríkissaksóknari
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2018
VEL2018110025

Efni: Öryggisvistun einstaklinga.

Meðfylgjandi er afrit erindis velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til dómsmálaráðuneytisins þar sem vísað er til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-184/2018. Ákærða í því máli var ekki gerð refsing heldur gert að sæta vistun í sértæku úrræði á vegum Reykjavíkurborgar þar sem honum ber að sæta gæslu allan sólarhringinn, þiggja stuðning á grundvelli fötlunar sinnar og aðra fagaðstoð sem og geðlæknisþjónustu sem talin er æskileg hverju sinni af meðferðar - aðilum.

Í framangreindu erindi til dómsmálaráðuneytisins eru gerðar alvarlegar athugasemdir við það að einstaklingar séu dæmdir til vistunar í úrræði á vegum Reykjavíkurborgar og þess er farið á leit við ráðuneytið að hefja viðræður við velferðarráðuneytið og Reykjavíkurborg um framtíðarsýn varðandi þetta málefni.

Virðingarfyllst,

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri

Hjálagt:

Erindi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. nóv. 2018.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Héraðsdómur Reykjavíkur
Símon Sigvaldason, dómstjóri
Dómhúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2018
VEL2018110025

Efni: Öryggisvistun einstaklinga.

Meðfylgjandi er afrit erindis velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til dómsmálaráðuneytisins þar sem vísað er til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-184/2018. Ákærða í því máli var ekki gerð refsing heldur gert að sæta vistun í sértæku úrræði á vegum Reykjavíkurborgar þar sem honum ber að sæta gæslu allan sólarhringinn, þiggja stuðning á grundvelli fötlunar sinnar og aðra fagaðstoð sem og geðlækniþjónustu sem talin er æskileg hverju sinni af meðferðar - aðilum. Meðfylgjandi er bréf ríkissaksóknara, dags. 19. október 2018, til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og velferðarráðuneytisins, þar sem framkvæmd vistunarinnar er falin Reykjavíkurborg og velferðarráðuneytinu.

Í framangreindu erindi til dómsmálaráðuneytisins eru gerðar alvarlegar athugasemdir við það að einstaklingar séu dæmdir til vistunar í úrræði á vegum Reykjavíkurborgar og þess er farið á leit við ráðuneytið að hefja viðræður við velferðarráðuneytið og Reykjavíkurborg um framtíðarsýn varðandi þetta málefni.

Virðingarfyllst,

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri

Hjálagt:

Erindi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. nóv. 2018.
Bréf ríkissaksóknara, dags. 19. október 2018.